

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 237/2014 um tæknikröfur
og stjórnsýslureglur í tengslum við starfrækslu loftfara.**

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar bætast eftirfarandi nýir töluliðir:

5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarskilyrði fyrir lofhæfi í tiltekinni starfrækslu og sem breytir reglugerð (ESB) nr. 965/2012, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165 frá 11. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, bls. 351.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/140 frá 29. janúar 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189 frá 10. júlí 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, bls. 382.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 16. október 2015.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Gunnar Órn Indriðason.

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2015